

Handbók

**Heildrænn stuðningur við nemendur í íslensku sem
öðru tungumáli í grunnskólum Reykjanesbæjar,
Sandgerðis og Sveitarfélagsins Garðs**



Fræðslusvið Reykjanesbæjar 2017

**Endurskoðuð og uppfærð af Fræðslusviði Reykjanesbæjar og ÍSAT teymi grunnskóla
Reykjanesbæjar, Sandgerðis og Sveitarfélagsins Garðs**



Efnisyfirlit

Inngangur	5
Upphaf skólagöngu erlendra nemenda	6
Að koma í nýjan menningarheim	6
Móttaka	7
Innritun	7
Móttökufæri	7
Túlkaþjónusta	8
Móttökufundur	9
Heimasíður, skólahandbók og aðrar upplýsingar	9
Nemandinn mætir í skólann	10
Nám og kennsla erlendra nemenda	11
Kennslufyrirkomulag	11
Aðalnámskrá grunnskóla	11
Aðlögun eða kennsla í íslensku sem öðru tungumáli	11
List- og verkgreinar og íþróttatímar fyrir nemanda í aðlögun	12
Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli	12
Tillaga að verkefnalista verkefnisstjóra í íslensku sem öðru tungumáli	13
Kennslustofan - málverið	13
Kennsluskipulag	14
Aðlögun eða nám í bekk	14
Tímatafla - tillaga um fjölda tíma á viku.	15
Flokkun nemenda út frá aðalnámskrá	16
Lestrarkennsla og lesskilningur	17
Námsmat	18
Kennslugögn og bækur	19
Námsefni í íslensku sem öðru máli	20
Bekkjarkennsla og umsjónarkennarinn	20
Skólasamfélagið og erlendir nemendur	22
Fjölmeningarkennsla	22
Foreldrasamstarf	23
Heimanám	23
Kennsluráðgjafi	24
Ytra umhverfi skólanna og erlendir nemendur	25



Jöfnunarsjóður og aðalnámskrá.....	25
Tómstundastarf	25
Brúum bilið	26
Samskipti við leikskóla	26
Samskipti við framhaldskóla.....	26
Mikilvægi móðurmáls erlendra nemenda	27
Móðurmál	27
Móðurmálskenndsla	27
Kenndslubækur á móðurmálinu	28
Fróðleikur um orðaforða og tungumálanám.....	29
Um orðaforða eintýngdra og tvítýngdra barna.	29
Orðaforði og lesskilningur	30
Tvítýngi og læsi	31
Um þróun orðaforða tvítýngdra nemenda.	31
ÍSAT teymi grunnskóla	33
Viðaukar	34
Innritunarblað	34
Mat á færni í íslensku.....	34
Kenndsluáætlun	34
Námsefni í íslensku sem hentar erlendum nemendum vel.....	35
Lestur og úrvinnsla – námsefnisröð frá grunnefni til þjálfunarefnis.....	35
Efni fyrir nemendur sem hafa náð grunntökum á hljóðum og umskráningu	36
Miðstigs og unglingaefni.....	37
Fleiri viðaukar væntanlegir	37



Inngangur

Í fjölmenningsstefnu Reykjanesbæjar segir „Hafa skal að leiðarljósi að íbúar Reykjanesbæjar af erlendum uppruna verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu“, ennfremur segir „Leggja skal áherslu á kennsluhætti sem henta börnum af erlendum uppruna og koma til móts við þarfir þeirra m.a. í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Gengið skal út frá því að kennsla um menningu og uppruna nemenda sé á jafnréttisgrunni með það að markmiði að auka skilning allra nemenda á mismunandi aðstæðum þeirra og draga úr fordómum.“ (Fjölmenningsstefna Reykjanesbæjar, 2017). Árið 2008 tók kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, í samvinnu við grunnskólakennara sveitarfélagsins, saman hugmyndir um móttöku og kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Úr varð handbók sem markaði stefnu sveitarfélagsins. Á þeim tíma var hlutfall nemenda sem fá kennslu í íslensku sem öðru máli rúmlega 7% af heildarfjölda nemenda skólanna. Síðan þá hefur erlendum nemendum fjölgað og haustið 2016 voru þeir um 13%. Haustið 2016 var stofnað teymi kennara sem kenna í íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) í grunnskólum Reykjanesbæjar, Garðs og Sandgerðis. Teymið, undir stjórn kennsluráðgjafa, hefur uppfært og endurskoðað handbókina á vegum Fræðslusviðs Reykjanesbæjar. Hugmyndir og leiðbeiningar má nýta í skólanámskrár grunnskóla en mikilvægt er að móttöku og kennslu erlendra nemenda sé vel sinnt. Móttökuáætlun grunnskólanna er einnig hægt að byggja á þessum hugmyndum. Í handbókinni er að finna ýmsan fróðleik tengdan erlendum nemendum og kennslu í íslensku sem öðru máli. Einnig er að finna tilvísanir í itarefni og gagnlega viðauka. Tenglar hafa verið settir inn á handbókina sem nota má ef handbókin er skoðuð rafrænt.

Handbókin er lifandi skjal sem er og verður í stöðugri þróun, hún verður aukin og breytt eftir því sem tilefni gefst til.

Til hóps erlendra nemenda teljast:

- börn sem hafa fæðst erlendis.
- börn sem eiga foreldra sem eru af erlendum uppruna.
- börn sem hafa dvalist langdvölum erlendis.

Skýringar orða í eftirfarandi lestexta:

Móðurmál: Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri.

Tvítýngi: Nemandi er tvítýngdur ef hann hefur færni í tveimur tungumálum. Hér er þó sérstaklega átt við nemendur sem stunda nám í skólum á öðru máli en móðurmálinu. Fæstir eru jafnvígir á bæði málin og getur þar munað miklu.

Virkt tvítýngi: Með virku tvítýngi er átt við það að nota tvö tungumál í daglegu lífi og lifa í tveimur menningarheimum, t.d. getur annað málið verið notað heima en hitt í skólanum og meðal félagá.

Málver: Sú kennslustofa þar sem aðlögun eða kennsla í íslensku sem öðru tungumáli fer fram.

Upphaf skólagöngu erlendra nemenda

Að koma í nýjan menningarheim

Erlendum íbúum á Íslandi fjölgar, þeir koma frá æ fleiri löndum og munur á menningu okkar sem eyþjóðar í Norður Atlantshafi og t.d. Pólverja er talsverður. Fjölgun erlendra íbúa hefur hvoru tveggja gert Íslendinga (ekki síst Suðurnesjamenn) færari í að taka vel á móti nýbúum og hefur hjálpað erlendu fólki að aðlagast. Fjölgunin þýðir einnig að margir sem eru nýkomnir til landsins ná tiltölulega fljótt sambandi við landa sína hérlendis. Engu að síður getur verið erfitt að takast á við nýjan verustað, ólíkt þjóðfélag og því að skilja ekki það sem fram fer í kringum þig.

Að flytjast á milli landa og menningarheima getur verið börnum og ungmennum það erfitt að hægt verði að tala um menningaráfall. Mikilvægt er að allir aðilar innan skólanna skilji eðli menningaráfalls svo þeir bregðist rétt við. Mikið tilfinningalegt uppnám við flutninga getur gengið nærri nemendum. Að skilja ekki tungumálið í framandi landi getur verið streituvaldandi og nemendur upplifa oft einnig vanmátt foreldra sinna til að aðstoða þá.

Samskipti og aðstæður sem mæta erlendum nemendum í íslenskum skólum eru þeim oft framandi og það, auk þess að skilja ekki tungumálið, getur gert þá ráðvillta. Þess vegna er mikilvægt að koma skýrum upplýsingum um skólann, skólakerfið og samskiptahætti innan skólans til nemenda og foreldra strax við fyrsta viðtal. Starfsfólk skólans þarf að sýna skilning, þolinmæði og gefa sér tíma til að útskýra einfalda hluti. Víða erlendis tíðkast ekki að fara út í frímínútur eins og hérlendis. Sama má segja um skólaípróttir og þá reglu að fara í sturtu. Það að fara í sturtu fyrir og eftir sund getur valdið miklum vanda auk þess að fáir nemendur sem flytjast til landsins hafa fengið markvissa kennslu í sundi. Þá þarf skólinn að vera í góðum samskiptum við foreldra svo útskýra megi eða finna lausn á vandanum svo nýjum nemendum og þjóðfélagsþegnum líði sem best. (Sjá kafla um foreldrasamstarf).

Menningaráfall hefur verið greint í fimm stig:

- Fyrsta stigið, sem oft er kallað hveitibrauðsdagar, einkennist af spennandi tíma og væntingum til nýja landsins.
- Annað stigið er hið raunverulega áfall. Það einkennist af almennri vanlíðan, kjarkmissi og brotinni sjálfmynd. Þá sýnir fólk gjarnan fjandsamlega afstöðu gagnvart gestgjafalandinu.
- Þriðja stigið einkennist af því að fólk hellir sér í nýja lífnaðarhætti. Þetta stig kemur oftast í lok fyrsta ársins. Samskipti við innfædda nást og þekking á nýrri menningu eykst.
- Fjórdða stigið er eins konar lokastig aðlögunarinnar. Einkennist þetta stig af aðlögun og fullri þátttöku í nýju samfélagi.
- Fimmta stigið hefur örlítið aðra hlið, þ.e. ef fólk flytur aftur til heimalands síns. Það getur kallað fram annarskonar menningaráfall eða endurkomuáfall sem er afleiðing af því að viðkomandi hefur verið lengi í burtu frá heimalandi sínu.

Auk ofangreinds eru erlendar fjölskyldur oft án náinna ættingja og vina. Það stuðningsnet sem flestir ganga að sem vísu er ekki til staðar. Þegar nemendur taka hraðari framförum í íslensku getur myndast gjá milli þeirra og forelda, jafnvel svo að nemandi blygðist sín fyrir kunnáttuleysi foreldranna. Móðurmálið og menningin frá heimalandi er ekki lengur efst á forgangslistanum.

Þessu þarf skólinn að vera viðbúinn og bregðast við með öflugu foreldrasamstarfi (Sjá kafla um foreldrasamstarf).

Góð ráð til að takast á við menningarafall má finna á vefnum

<http://tungumalatorg.is/fvb/tenglar/menningarafall/2-fimm-stig-menningarafalls/>

Bækur um menningarafall:

- Hanna Ragnarsdóttir, Elsa S. Jónsdóttir, Magnús Þorkell Bernharðsson. 2007. *Fjölmennung á Íslandi*. KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Guðrún Pétursdóttir. 1999. *Fjölmennungarleg kennsla. Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*.
- Ingibjörg Hafstað. 1994. *Milli menningaheima. Um nám og kennslu nýbúa*. Námsgagnastofnun.

Móttaka

Til að vanda móttöku erlendra nemenda þarf skilvirkt upplýsingastreymi sem er lykilinn að samskiptum og góðri samvinnu heimilis og skóla. Að finna sig velkominn minnkar líkur á vandamálum sem síðar geta komið upp. Grunnskólum er skylt að taka vel á móti öllum nýjum nemendum og gera sér áætlun um móttöku erlendra nemenda og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Áætlunin skal vera sýnileg og hluti af skólanámskrá hvers skóla. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Innritun

Við innritun (sjá innritunarblað á ýmsum tungumálum) í grunnskólum Reykjanesbæjar, Sandgerðis og Garðs þarf að tilkynna Fræðsluviði um komu nemenda með íslensku sem annað tungumál í skóla sveitarfélaganna. Við tilkynninguna er æskilegt að ákveðið móttökufarli fari í gang í viðkomandi grunnskóla. Farið er eftir fyrirfram ákveðinni móttökuáætlun við móttöku nemandans. Ef aðlögunarleið (sjá kennslulíkön) er ekki valin sér skólastjóri um að velja bekk/hóp fyrir nemandann og tilkynnir umsjónarkennara og verkefnisstjóra í íslensku sem öðru máli að von sé á nýjum nemanda. Hafi nemandi ekki fengið dvalarleyfi eða kennitölu er foreldrum bent á að sækja um strax og þegar staðfesting liggur fyrir að það ferli sé hafið er nemandinn velkominn í skólann.

Móttökufarli

Grunnskólarnir í Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Garði og Sandgerði hafa mikla reynslu af móttöku erlendra nemenda og því ekki nauðsynlegt að hafa eina, fastmótaða leið eða ákvæði í þeim efnum. Í hverjum skóla þarf teymi eða ráð sem hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir hvernig erlendum nemendum gengur í námi og félagslega. Þá ætti verkefnisstjóri í íslensku sem öðru máli að gefa teyminu skýrslu um nám og kennslu í íslensku sem öðru máli og gera áætlun fyrir kennslu næsta skólaárs og um erlenda nemendur sem þarf að hjálpa sérstaklega. Í slíkum teyimum skiptir máli að séu stjórnendur skólans, námsráðgjafinn, verkefnisstjóri í íslensku sem öðru máli og deildarstjórar og að fundað sé reglulega t.d. tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.



Túlkapjónusta

Í flestum tilfellum er nauðsynlegt að nota löggilta túlkapjónustu fyrir erlenda nemendur og foreldra þeirra í grunnskólum Reykjanesbæjar, Sandgerðis og Garðs. Góð túlkapjónusta er sérstaklega mikilvæg á foreldrafundum, skilafundum sérfræðinga og aðra fundi sem foreldrar eru boðaðir á vegna barna sinna. Ef grunur er um að skilaboð og upplýsingar komist ekki til skila með öðrum samskiptum skal leita til túlkapjónustu. Nokkuð er til af stöðluðum skilaboðum til dæmis á vef Tungumálatorgsins <http://tungumalatorg.is/velkomin/>. Löggiltir túlkar starfa hjá ICI og fleiri túlkapjónustum.

Hlutverk túlksins

- Túlkur hefur þagnarskyldu í einu og öllu.
- Túlkur má ekki taka afstöðu.
- Túlkur má ekki láta í ljós skoðanir sínar þegar hann túlkar.
- Túlkur á að túlka allt sem sagt er í samtalinu.
- Túlkur á ekki að hafa frumkvæði að því að svara spurningum.
- Túlkurinn ber ekki ábyrgð á því að upplýsingar séu réttar eða sannar.
- Túlknum ber að láta vita ef túlkunin getur ekki fallið undir þessar reglur.
- Hægt er að fá leyfi foreldra til þess að fá túlk sem ráðgjafa en um það þarf að vera samkomulag í upphafi viðtals.

Úr handbók Reykjavíkurborgar.

Góð ráð sem vert er að hafa í huga þegar mál þitt er túlkað

- Líttu á túlk sem brú á milli menningarheima og undirbúðu hann undir fundarefnið.
- Kynntu þér siðareglur túlka og þagnarskyldu.
- Skipuleggðu fyrirfram meginlínur samtalsins þannig að ljóst sé um hvað eigi að ræða og hver sé tilgangur samtalsins. Taktu tillit til þess að samtali með túlk tekur lengri tíma en samtöl á íslensku.
- Byrjaðu helst samtalið með stuttri samantekt sem gefur yfirlit yfir hvað þú hafir hugsað þér að verði rætt og gefðu viðmælendum færi til að gera athugasemdir.
- Vertu ekki feimin(n) við að nýta líkamsmál til að leggja áherslu á mál þitt, viðbrögð þín og að umræðu sé lokið. Vertu nákvæmari í orðavali en þú átt venju til.
- Tjáðu þig á einfaldan og skýran hátt. Taktu tillit til túlksins því hann þarf að skilja þig og fá tíma til þess að flytja skilaboðin jafnóðum til þriðja aðila.
- Mundu að taka góð málhlé svo túlkurinn fái ráðrúm til að yfirfæra eða meðtaka það sem þú ert að segja.
- Mikilvægt er að þú snúir beint að nemanda og foreldrum og horfir í augu þeirra þegar þú talar.
- Horfðu beint á viðmælendur þína þegar þeir tala. Snúðu þér ýmist að túlknum eða viðmælenda eftir því hvor þeirra talar.
- Farðu yfir niðurstöður og upplýsingar sem komu fram á fundinum þannig að viðmælendur þínir séu sammála um hvað var sagt og ákveðið á fundinum.

Úr handbók Reykjavíkurborgar.

Móttökufundur

Nemandinn er boðaður á fund með foreldrum sínum og túlki (ef þarf), ekki síðar en degi áður en hann byrjar í skólanum. Á móti honum tekur fulltrúi skólans t.d. umsjónarkennari, skólastjóri eða verkefnisstjóri í íslensku sem öðru tungumáli. Foreldrar eru beðnir að mæta með upplýsingar um fyrra nám barnsins, ónæmisskírteini og dvalarleyfi. Á fundi þessum er æskilegt að kynna bæklinga um Íslenskt grunnskólakerfi á vef Menntamálaráðuneytisins fyrir foreldrum. Þá fær nemandinn afhentar upplýsingar um skólann og skólastarfið, um bekkinn, skólareglur, lög um grunnskóla og annað sem telst gagnlegt á þessum tímamarki (helst á móðurmáli nemandans). Staða nemandans í íslensku er metin, (sjá viðauka Mat á stöðu nemanda í íslensku máli). Sumir skólar hafa búið til sitt eigið matsblað vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Upp geta komið tilfelli þar sem mat er gert með aðstoð foreldra og túlks. Að lokum er skólinn og skólalóðin skoðuð. Heilsað er upp á stjórnendur og skrifstofufólk. Leiðsögn við skoðun skóla er til á nokkrum erlendum málum á vef Tungumálatorgsins <http://tungumalatorg.is/velkomin/>.

Móttökufundur þarf að undirbúa vel og skólastjórnandi, verkefnisstjóri í íslensku sem öðru máli, tilvonandi umsjónarkennari, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur þurfa að sitja fundinn. Gæta þarf sérstaklega að hlutverki skólahjúkrunarfræðings sem hefur upplýsingar um lækni skoðun, vottorð um bólusetningar og fleira sem máli skiptir.

Ef nemendur eru að flytjast á milli skóla gæti verið nauðsynlegt að halda móttökufund með foreldrum. Einnig hafa sumir skólar þann háttinn á að hafa túlka á skólasetningu.

Áriðandi er að upplýsa foreldra um að þeir séu velkomnir hvenær sem er í skólann og geti hringt í kennarann eða deildarstjóra ef spurningar vakna. Einnig er gott að segja nemendum að þeir geti hringt í foreldra sína úr skólanum hvenær sem er, ef þeim líður illa eða geta ekki talað við neinn í skólanum.

Heimasíður, skólahandbók og aðrar upplýsingar

Mikilvægt er að foreldrar fái í hendurnar á fyrsta fundi allar upplýsingar um starf skólans og þá þjónustu sem hann býður upp á. Gott er að setja saman skólahandbók fyrir erlenda foreldra og nemendur og hún gæti m.a. innihaldið eftirfarandi þætti:

- Upplýsingar um skólann, heimilisfang og símanúmer.
- Upplýsingar um sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofunnar.
- Stundatöflu, best að hafa hana myndræna og með texta.
- Upplýsingar um íþróttatíma og hvað þurfi að hafa með í þá, gæti einnig verið myndrænt.
- Upplýsingar um umsjónarkennarann og viðtalstíma hans og verkefnisstjóra í íslensku sem öðru máli.
- Upplýsingar um fyrirkomulag og markmið foreldraviðtala.
- Upplýsingar um nám í íslensku sem öðru tungumáli sem og námið í bekk.
- Upplýsingar um námsmat.
- Upplýsingar um námsráðgjöf í skólanum.
- Upplýsingar um skólamáltíðir, nesti og drykki.
- Myndrænar skólareglur.
- Upplýsingar um skólaheilsugæslu.



- Upplýsingar um tómstundastarf í Reykjanesbæ.
- Tölum móðurmálið, http://www.ryerson.ca/mylanguage/hold_on/, vefur um mikilvægi móðurmálsins
-

Einnig mætti setja eftirfarandi þætti:

- Fyrstu skrefin <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3516> bæklingur sem veitir allar nauðsynlegustu upplýsingarnar um íslenskt samfélag.
- Heimasíða Velferðarráðuneytisins <http://eng.felagsmalaraduneyti.is/>
- Vefsíða Fjölmeningarseturs www.fjolmenningarsetur.is
- Upplýsingar um túlkþjónustu <http://www.ici.is/>
- Upplýsingar um Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum <http://www.mss.is/>
- Upplýsingar um tómstundastarf yfir fulloröna.
- Læknisskoðun og HSS
- Útivistarreglur

Nemandinn mætir í skólann

Nemandinn mætir í skólann við upphaf síns fyrsta skóladags. Hann kemur á skrifstofuna en þar tekur skólastjórnandi og/eða verkefnisstjóri í íslensku sem öðru tungumáli á móti honum. Nemandinn fer í aðlögun í málver eða í umsjónarþekk og er kynntur fyrir þekkingarþekkingum. Fyrstu vikurnar fer fram stíft íslenskunám og er nemandi á mið- og elsta stigi því 9 – 15 tíma á viku í málveri. Stundum er nemandinn lítið með þekkingum sínum fyrstu vikurnar, þá aðallega í bóklegum greinum, en sækir alla tíma í íþróttum og list- og verkgreinum. Það hefur reynst vel að fá sjálfboðaliða úr hópi þekkingarþekkinga til fylgdar og stuðnings nýjum nemanda.



Nám og kennsla erlendra nemenda

Kennslufyrirkomulag

Skólarnir í þeim þremur sveitarfélögum sem eiga samvinnu um þennan vegvísi í kennslu erlendra nemenda hafa mismunandi áherslur í kennslu, kennsluháttum og skipulagi. Því er æskilegt að kennslu nýbúa sé hagað í samræmi við áherslur hvers skóla að því gefnu að erlendir nemendur nái sem bestum tókum á námi í öllum greinum á sem skemmstum tíma. Í upphafi skólagöngu erlendra nemenda í íslenskum skóla er algengast að velja annaðhvort þá leið að nemendur fái aðlögun í Málveri í nokkrar vikur eða að þeir fari inn í bekk og fái kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í 9 til 15 kennslustundir á viku. Ákvörðun um fjölda kennslustunda byggir á mati kennara í íslensku sem öðru tungumáli, aldri og námslegri stöðu nemandans (sjá þó kafla 19.4 í aðalnámskrá grunnskóla). Nýkomnir erlendir nemendur þurfa að hafa greiðan aðgang að verkefnisstjóra og kennara í íslensku sem öðru máli og einnig þurfa kennarar hans í einstökum námsgreinum góða aðstöðu til að hjálpa honum að aðlagast í nýjum aðstæðum. Í upphafi skólagöngu nýs nemanda er mikilvægt að kynnast honum vel, að leggja mat á námslega stöðu hans í grunnnámsgreinum, hann hafi stuðning bæði í bekk og utan bekkjar, að hann finni til öryggis og að hann sé velkominn í skólann.

Ýmis utanaðkomandi atriði geta stýrt því hvaða fyrirkomulag er valið varðandi nýja erlenda nemendur. Líta þarf sérstaklega til þess fjölda nemenda sem sækja kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í skólanum. Ef fjöldi nemenda er undir tíu þarf að taka tillit til þess með því að fylgja nemendum eftir í námi í bekk en ef nemendur í íslensku fyrir erlenda nemendur eru fleiri krefst það sérbúinnar kennsluaðstöðu og skipulags út frá því. Hvort sem nemendur eru fleiri eða færri þarf að koma til móts við hvern nemanda þannig að námið gangi sem best bæði í íslensku sem öðru máli og einnig í einstökum námsgreinum. Þetta þýðir m.a. að gæta vel að því námsefni sem nemandinn fer í t.d. að nota orðalista til að glósa, myndrænt efni, rafrænar orðabækur og þýðingavélar.

Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla er rammi að kennslu í íslensku sem öðru máli auk þess sem þar er að finna ábendingar um hæfnipætti og markmið náms og kennslu. Þá er sérstaklega kveðið á um námsmat í greininni og mikilvægi móðurmáls nemenda gagnvart námi þeirra. Þess ber að geta að grunnskólum á Íslandi er ekki skylt að standa að kennslu í móðurmáli erlendra nemenda. <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

Aðlögun eða kennsla í íslensku sem öðru tungumáli

Skóli getur valið sér að setja nýkominn nemanda í aðlögun og felur hún í sér stíft íslenskunám í nokkrar vikur í þeim grunnskóla sem nemandinn hefur valið sér að sækja. Nemandinn stundar nám sitt í málveri þar til verkefnisstjóri í íslensku sem öðru tungumáli metur hann tilbúinn að hefja nám í bekk. Í þessum kennslustundum er orðaforði byggður upp, nemandinn fær þjálfun í íslensku

málhljóðunum (hljóðainnlögn) auk þess að honum eru kynntar venjur og menning í nýju landi. Nemandinn mætir í málver og sækir þar flestar kennslustundir nema list-, verk- og íþróttatíma. Ef nemandinn þarf aðlögun að námi eins og hér er getið um er nauðsynlegt að kennari sé tiltækur í málveri allan skólatímann.

List- og verkgreinar og íþróttatímar fyrir nemanda í aðlögun

Að öðru jöfnu er best að erlendir nemendur fari með bekkjarfélögum í list og verkgreinatíma. Þó þarf að hafa gát á einstökum atriðum því misjafnt er hversu mikla reynslu og þekkingu erlendir nemendur hafa í einstökum greinum. Sérstaklega þarf að athuga tölvuþekkingu þeirra svo og að þeir fái aðstoð í orðaforða hversrar námsgreinar. Benda má á þá leið að láta nýja erlenda nemendur vinna með orðaforða út frá myndum af áhöldum og hráefni og/eða merkja slíkt í kennslustofunni.

Mörg börn sem flytja til landsins hafa litla sem enga sundkunnáttu. Þess vegna skiptir máli að þau fái upplýsingar um mikilvægi sundkennslunnar og hvernig eigi að bera sig að í búnings- og sturtuklefum.

Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við um nemendur af íslenskum og erlendum uppruna. Nám í greininni er ekki eingöngu tungumálanám heldur miðar að því að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi jafnöldrum sínum í öllu námi eftir því sem kostur er. Þetta þýðir að viðfangsefni í íslensku sem öðru máli tengjast öllum námsgreinum og er samþætting því nauðsynleg. Íslenskunám er erlendum nemendum mikilvægt til þátttöku í samfélaginu. Það er meðal annars hlutverk skóla að hjálpa börnum frá öðru menningarsvæðum að verða virkir þátttakendur í nýju samfélagi.

Ef sú leið er farin að setja nemanda beint í bekk er hann í umsjá umsjónarkennara og kennara í íslensku sem öðru máli og sjá þeir til að nemandinn fái (samkvæmt mati) þann tímafjölda í íslensku sem öðru tungumáli sem talinn er hæfa og námsefni við hæfi. Þessir kennarar skulu vera í góðum samskiptum og ávallt hafa hag nemandans í huga. Máli skiptir að upplýsingar um nám nemandans fari greiðlega milli kennara svo allir viti hvað unnið er með hverju sinni. Algengast er í dag að fleiri en einn erlendir nemandi sé í hverjum árgangi grunnskólanna og í nokkrum skólanna eru árgangar þar sem erlendir nemendur eru meira en þriðjungur nemendanna. Í slíkum tilfellum þarf að gæta sérstaklega vel að hvernig unnið er með íslensku og námsorðaforða og líklega þarf sérstakan stuðning við kennslu í svo fjölbreyttum námshópum.

Á meðan fáir erlendir nemendur voru í íslenskum grunnskólum komst á sú venja að gerð væri einstaklingsnámskrá og vorskýrsla fyrir alla nemendur sem voru í íslensku sem öðru máli. Núna er fjöldi erlendra nemenda í flestum skólum í Reykjanesbæ, Sandgerði og Garði talinn í tugum og hundruðum. Íslenska sem annað mál er námsgrein en ekki sérkennsla og því eru einstaklingsnámskrár óhentugar og óþarfar nema þegar nemendur (erlendir eða íslenskir) hafa greiningu v/námsörðugleika eða þroskafráviks. Í íslensku sem öðru máli eiga að liggja fyrir kennsluáætlanir, gáttlistar um námsefni einstakra nemenda (Til dæmis á námsefnisvef Menntamálastofnunar <https://mms.is/namsefni>) og upplýsingar um námsmat eftir því sem ákveðið

er í hverjum skóla fyrir sig. Þá má minna á að tæmandi listi yfir einstaka nemendur er árlega afhentur Jöfnunarsjóði. Gæta þarf trúnaðar um upplýsingar um einstaka nemendur.

Tillaga að verkefnalista verkefnisstjóra í íslensku sem öðru tungumáli

- Móttaka nýrra nemenda
- Vinna í móttökuteymi
- Vinna að móttökuáætlun skólans
- Skipulag aðlögunar og / eða kennslu í íslensku sem öðru tungumáli
- Samskipti vegna túlkajónustu
- Halda utan um allar upplýsingar um nemendur sem sækja tíma í íslensku sem öðru tungumáli
- Mat á nemendum og flokkun
- Gerð stundataflna og röðun tíma
- Kennsluáætlanir miðaðar við stöðu nemenda (Nýkomnir, lengra komnir og nemendur sem fylgja bekk með stuðningi)
- Umsjón með upplýsingum sem sendast til jöfnunarsjóðs
- Kennsla í íslensku sem öðru máli
- Námsmat, eftirfylgni með náms- og félagslegri stöðu hvers nemenda
- Foreldrafundir
- Samvinna við umsjónar- og faggreinakennara
- Samskipti við skólahjúkrunarfræðing
- Námsfærni
- Námsgagnaöflun, bæði á íslensku og móðurmáli þegar þarf
- Hvetja nemendur til að taka þátt í móðurmálsnámi
- Hvetja nemendur til að taka þátt í tómstunda- og félagsstörfum
- Taki þátt í að brúa bilið milli skólastiga
- Samvinna innan svæðis við aðra kennara í íslensku sem öðru tungumáli
- Samvinna við Fræðslusvið Reykjanesbæjar
- Þátttaka í teyllum v/einstakra erlendra nemenda

Kennslustofan - málverið

Málver er sú kennslustofa þar sem aðlögun eða kennsla í íslensku sem öðru tungumáli fer fram. Kennslustofa getur heitið hvaða nafni sem er að vali skólastjórnenda. Hér í þessu skjali er vísað til hennar sem málver.

Kennslustofan þarf að henta vel þeim fjölda nemenda sem í hana sækja. Hún þarf eins og allar aðrar kennslustofur að vera björt og búin góðum húsgögnum. Þar þarf að vera hægt að ganga að þeim kennslugögnum sem nota á hverju sinni. Aðgangur að tölvum, kennsluforritum, spilum og sögubókum er mjög mikilvægur í málveri.

Kennsluskipulag

Skipulag kennslu í íslensku sem öðru tungumáli felur í sér að nemendur eru metnir út frá flokkun aðalnámsskrár grunnskóla í byrjendur, lengra komna, lengst koma og brú. Einnig er litið til aldurs nemandans, þroska og þess málsvæðis sem hann kemur frá. Kennslustundafjöldi er einnig ákvarðaður út frá þessum atriðum. Fjöldi kennslustunda er metinn af verkefnisstjóra í íslensku sem öðru tungumáli og umsjónarkennara. Stuðst er við mat verkefnisstjórans, upplýsingum um fyrri skólagöngu nemenda, kunnáttu í íslensku, aldri og öðru sem máli skiptir.

Aðlögun eða nám í bekk

Eins og getið er um hér að framan eru þrjár leiðir færar í kennslufyrirkomulagi fyrir nýkomna erlenda nemendur í grunnskólunum í Sandgerði, Garði og Reykjanesbæ. Fyrsta leiðin er aðlögun í námi í tiltekinn tíma í málveri, nemandinn er í málveri í öllum bóklegum kennslustundum eða að nemandinn fari beint í umsjónarbekk og í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Hér fyrir neðan eru hugmyndir að aðlögunarferli og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli sem hægt er að styðjast við. Skólarnir geta einnig sett upp annað fyrirkomulag sem þó verður að uppfylla sömu gæðakröfur í námi nemendanna.

Megin munurinn á mismunandi nálgun að kennslu og námi liggur í því hver hefur umsjón með nemandanum, umsjónarkennari eða verkefnisstjóri í íslensku sem öðru tungumáli. Þegar um er að ræða aðlögun í tiltekinn tíma, liggur ábyrgin hjá deildarstjóra eða verkefnisstjóra í íslensku sem öðru tungumáli. Þegar nemandi fer beint í umsjónarbekk en sækir tíma í íslensku sem öðru tungumáli ber umsjónarkennarinn ábyrgð á nemandanum en þó í samráði við verkefnisstjóra í íslensku sem öðru tungumáli.

Hafa ber eftirfarandi í huga varðandi upphaf náms erlendra nemenda í grunnskólunum. Aðlögun í málveri getur nýst vel þeim nemendum sem koma frá fjarlægustu menningar- og málsvæðunum. Með því að vera í minni hóp í málveri og með kennara í íslensku sem öðru máli gefst kostur á að kanna stöðu nemandans, vinna með þætti eins og málhljóða- og framburðarþjálfum, kenna á tölvur og skapa nemandanum meira öryggi. Gæta þarf vel að kennslu í einstökum námsgreinum s.s. stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði þar sem kenna þarf grunnatriði (töluheiti, hugtök og aðferðir), að nemandinn afli sér efnis á eigin móðurmáli og kennari kynni sér stöðu hans í þessum greinum.

Nemendur sem fara alveg inn í bekk í upphafi skólagöngu sinnar hérlendis þurfa á sama hátt og aðrir að nema grundvallarþætti í einstökum námsgreinum. Kynnast íslensku málhljóðunum, læra framburð, öðlast grunnorðaförða daglegs lífs í skólanum, þjálfra lestrarfærni og læra notkun rafrænna hjálpartækja.

Algengast er að erlendir nemendur í skólunum í sveitarfélögunum þremur sem standa að þessari handbók, hefji nám í íslensku sem öðru tungumáli í málveri en fylgi bekk í öðrum greinum (oft að dönsku undanskyldri). Þessi leið gerir mögulegt að vinna sérstaklega með grunnatriði í málveri s.s. hljóðainnlögn, framburðarkennslu, almennan grunnorðaförða og námsorðaförða um leið og nemandinn kynnist bekkjarfélögum og kennsluháttum í einstökum námsgreinum. Ef þessi leið er farin gerir það kröfu um góða samvinnu og samskipti kennaranna sem að nemandanum koma.

Tímatafla - tillaga um fjölda tíma á viku.

Dreifing á tímum í Íslensku sem öðru máli

	Byrjendur	Lengra komnir	Lengst komnir	Brú
1. Bekkur	5	3 til 4	2	2
2. Bekkur	5	3 til 4	2	2
3. Bekkur	8	4	3 til 4	2
4. Bekkur	8	4	3 til 4	2
5. Bekkur	9	5	3 til 4	2 til 3
6. Bekkur	9	5	3 til 4	2 til 3
7. Bekkur	10 - 12	6 til 8	4 til 6	2 til 3
8. Bekkur	10 - 12	6 til 8	4 til 6	2 til 4
9. Bekkur	10 - 12	6 til 8	4 til 6	2 til 4
10. Bekkur	10 - 12	6 til 8	4 til 6	2 til 4

Rökstuðningur fyrir tímafjölda í íslensku sem öðru máli

	Byrjendur	Lengra komnir	Lengst komnir	Brú
1.-2. bekkur	Helmingur íslensku-kennslustunda í íslensku sem öðru máli. Lögð áhersla á orðaforða tengt lestri og stærðfræði svo og lestrarþjálfum og framburð	Þurfa minni tíma en byrjendur. Leggja áherslu á orðaforða tengt íslensku og stærðfræði.	Ættu að geta fylgt bekkjarfélögum með stuðningi við nám í bekk.	Nemendur sem fylgja bekk með stuðningi við erfiðari verkefni.
3.- 4. bekkur	Þurfa hljóðþjálfun, lestrarkennslu, orðaforða og fleira í íslensku sem öðru máli. Flestir íslenskutímar í málveri.	Þurfa stuðning við orðaforða, lesskilning og málfræði.	Eiga að geta fylgt bekk með stuðningi í íslensku sem öðru máli.	Fylgja bekk með stuðningi við einstök verkefni.

5. - 7. bekkur	Þurfa lestrarkennslu, orðaforða og fleira í íslensku sem öðru máli. Einnig byggja upp orðaforða einstakra námsgreina. Flestir íslenskutímar í málveri.	Þurfa stuðning við orðaforða, lesskilning, málfræði og orðaforða einstakra námsgreina.	Fylgja bekk með stuðningi í íslensku sem öðru máli og orðaforða einstakra námsgreina.	Fylgja bekk með stuðningi við einstök verkefni.
8. -10. bekkur	Þurfa lestrarkennslu, orðaforða og fleira í íslensku sem öðru máli. Einnig byggja upp orðaforða einstakra námsgreina. Flestir íslenskutímar í málveri.	Þurfa stuðning við orðaforða, lesskilning, málfræði og orðaforða einstakra námsgreina.	Fylgja bekk með stuðningi í íslensku sem öðru máli og orðaforða einstakra námsgreina.	Fylgja bekk með stuðningi við einstök verkefni.

Flokkun nemenda út frá aðalnámskrá

Nemendum skipt í þrjú stig eftir hversu langt þeir eru komnir í námi, aldri og kunnáttu í íslensku. Fyrsti hópurinn eru *byrjendur* þ.e. nemendur sem hafa litla sem enga kunnáttu í íslensku. Annar hópurinn, *lengra komnir*, nemendur sem geta notað íslensku sér til gagns í dagsins önn en geta ekki tjáð allt sem þeim liggur á hjarta vegna takmarkaðs orðaforða og málfærni. Málnotkun þeirra er víkur nokkuð frá viðurkenndri málnotkun. Þriðji hópurinn, *lengst komnir*, eru nemendur sem geta bjargað sér á almennu daglegu máli á einfaldan hátt. Þessir nemendur hafa ekki fullkomið vald á flóknara málvari og orðaforða s.s. sjaldgæf orð og orðasambönd, máltæki, huglæg hugtök og flókinni setningarskipan. Þessir nemendur hafa öðlast nokkuð vald á námi í bekk í einstökum námsgreinum en þurfa stuðning í íslensku sem öðru máli með áherslu á orðaforða.

Nemandi sem hefur náð þeirri hæfni sem tilgreind er í Aðalnámskrá grunnskóla færast nemandinn á milli stiga. Þegar nemandi hefur náð öllum hæfniviðmiðum fyrir íslensku sem öðru tungumáli getur hann fylgt jafnöldrum sínum með aðstoð verkefnisstjóra í íslensku sem öðru tungumáli. Þeir standa þó ekki jafnfætis bekkjarsystkinum t.d. í lesskilningi og ritun því reikna má með að það taki börn sjö til níu ár að ná valdi lesskilningi og tjá sig óhindrað í rituðu máli. Þessa nemendur skortir enn málfærni til að tileinka sér námsefni til jafns við jafnaldrana. Þessir nemendur þurfa oft stuðning við nám í bekk í einstökum námsgreinum og í ákveðnum þáttum íslenskunnar.

Eins og áður getur tekur það erlenda nemendur allt að sjö til níu ár að ná þeim tókum á íslensku að standa jafnfætis jafnöldrum. Sérstaklega þarf að gæta að orðaforða í einstökum námsgreinum og bókmenntum. Eftir það þarf að fylgjast með því hvernig gengur og oft þarf verkefnisstjóri í íslensku sem öðru máli að styðja nemendur í einstaka þáttum t.d. hjálpa þeim með ritgerðir og málfræði. Miða ætti við að erlendir nemendur taki bæði raddlestrarpróf (lesfimiþróf) og lesskilningspróf eins og bekkjarfélagarnir því þannig sést staða þeirra miðað við meðaltal bekkjarsystkina.

Hæfniviðið fyrir íslensku sem annað tungumál eru eftirfarandi:

ADALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA – ALMENNUR HLUTI 2011 – GREINASVIÐ 2013

Lestur, bókmenntir og ritun		
Nemandi sem er byrjandi getur:	Nemandi sem er lengra kominn getur:	Nemandi sem er lengst kominn getur:
<ul style="list-style-type: none"> • lesið og skilið texta við hæfi, svo sem námsefni, og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur, • lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum, • notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð, • beitt einföldum reglum um stafsetningu, • skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð, • skráð athugasemdir og niðurstöður, t.d. í samstarfshópi. 	<ul style="list-style-type: none"> • lesið einfalda texta reiprennandi sér til gagns og ánægju, svo sem stuttar sögur og umfjöllun um áhugavert efni, og tjáð sig um efni þeirra, • lesið auðlesnar íslenskar barnabókmenntir og bókmenntir á móðurmáli sínu, túlkað þær og tjáð sig um þær, • stafsett nokkuð rétt léttan texta og nýtt sér nokkrar meginreglur stafsetningar, • skrifað sögu eða greinargerð á skiljanlegu máli. Tjáð hugsanir sínar og reynslu í rituðu máli og miðlað til skólafélaga, • tekið virkan þátt í samvinnu með skólafélögum og lagt sitt lóð á vogarskálur við lausn verkefna sem krefjast umræðu, lestrar og ritunar, • notað aðgengileg gögn sér til aðstoðar við lestur og ritun, svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn. 	<ul style="list-style-type: none"> • valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks margvíslegt efni á íslensku og nýtt fjölbreytt hjálpargögn sem skýra orð og orðasambönd, • valið sér bókmenntir, á íslensku og á móðurmáli sínu sem hæfa aldri og áhuga, skilið þær, túlkað og notið, • stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur og notað orðabækur og vefefni sér til stuðnings, • dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta, • skrifað ritgerðir, skýrslur og frásagnir og átt samskipti með tölvu og valið stíl og málsnið eftir lesanda, efni og tilefni, • nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju.

Lestrarkennsla og lesskilningur

Erlendir nemendur líkt og íslenskir þurfa að ná góðu valdi á lestri. Umskráningarfærni öðlast þeir með hefðbundinni vinnu með hljóð, hljóðtengingar og framburð. Auk venjulegrar hljóða- og lestrarþjálfunar skiptir máli að erlendir nemendur tileinki sér orðaforða og skilji sem best það sem þau lesa. Því þarf að gæta vel að því að námsefnið sé myndrænt og að þau „glósi“ orð yfir á eigið móðurmál. Í langflestum tilfellum ættu tvítyngdir nemendur sem koma í íslenskan skóla í 1. bekk, að fylgja bekkjarfélögum í upphafi lestrarnámsins. Þeir erlendu nemendur sem koma eftir 1. bekk inn í íslenskan grunnskóla þarf að kenna lestur utan bekkjar þ.e. í íslensku sem öðru máli. Þessir nemendur hafa etv. lært að lesa á öðru tungumáli og hafa vald á hljóðum og umskráningu á því



máli sem þeir hafa lært að lesa á. Því er mælt með að leggja fyrir nýja erlenda nemendur könnun á stafa- og hljóðakunnáttu og vinna í framhaldi af því með hljóð, stafi, umskráningu og lestur. Ofangreint á einnig við um íslensk börn sem hafa verið erlendis og gengið þar í skóla, þau þarf að prófa og kenna íslensku og lestur þannig að þau geti fylgt jafnöldrum.

Lestur og lesskilningur er grundvöllur alls náms. Það er kunnara en frá þurfi að segja að lesskilningur erlendra (tvítyngdra) nemenda er oftast minni er innlendra jafnaldrar. Þetta er vegna þess að þau hafa minni orðaforða en íslenskir jafnaldrar. Rannsóknir sýna (Sigríður Ólafsdóttir, 2010 og 2015) að mörg tvítyngd börn sem fylgja bekknum sínum frá upphafi skólagöngu og ná góðu valdi á umskráningu og lestri, lenda í erfiðleikum með námsorðaforða þegar á miðstigi grunnskólans. Þetta gerist m.a. vegna þess að þau hafa ekki tileinkað sér slíkan orðaforða á móðurmáli sínu. Orðaforðanám, hugtakaskilningur og innsýn í námsefni í einstökum námsgreinum er því nauðsynlegur hluti kennslu í íslensku sem öðru máli svo og þarf að styðja nemendur í sjálfsnámi í einstökum námsgreinum og bókmenntum.

Allir kennarar erlendra nemenda þurfa að hafa nokkra innsýn í stöðu þeirra í námi, sérstaklega námi þeirra í íslensku og leggja lóð á vogaskálarnar eftir því sem hægt er.

Námsmat

Á síðustu árum liggur fyrir íslenskum grunnskólum að breyta námsmati til samræmis við nýjustu aðalnámskrá grunnskóla. Meginbreyting námsmatsins er að nú skal miðað við lykilhæfnipætti og hæfniviðmið í einstökum námsgreinum. Í íslensku sem öðru máli eru fá hæfniviðmið (sjá töflu á bls. 16) en gert ráð fyrir að styðjast einnig við hæfnisviðmið íslenskunnar. Í ár ber að nota bókstafseinkunnir í 10. bekk og á næstu árum á að breyta námsmati mið- og unglingsstigs á svipaðan hátt. Því liggur ekki fyrir nein ein leið í hinu formlega námsmati í íslensku sem öðru máli á þessum tímamarki.

Engu að síður er nauðsynlegt að leggja mat á nám í þessari námsgrein eins og öðrum í grunnskólanum. Mikilvægast er svokallað leiðbeinandi mat sem miðar að því að bæta nám og kennslu. Eftirfarandi eru leiðbeiningar um námsmat í íslensku sem öðru máli sem miðaðar eru við áherslur í aðalnámskrá grunnskóla.

Námsmat verður að vera greinandi, upplýsandi, leiðbeinandi, hvetjandi og í samræmi við námsefnið og verkefni sem nemandinn hefur fengist við í kennslustundum. Til viðbótar verður kennari að meta framfarir nemandans í íslensku sem öðru máli. Á yngri stigum er áhersla á mat á málproska, orðaforða og læsi, á miðstigi er áhersla á orðaforða, lesskilning, framburð og námsgreinar og á efsta stigi er áhersla á færni í rituðum og töluðum tjáskiptum, orðaforða og á námsgreinar.

Matsaðferðir sem hafa reynst vel í kennslu nemenda með annað móðurmál:

- Símat sem er leiðbeinandi
- Mat á því hvernig nemendum gengur að fara eftir leiðbeiningum, sýna, myndskreyta, lýsa, skrifa og gera tilraunir
- Mat á verkefnum nemenda sem haldið er til haga í sérstökum verkmöppum; það gefur gott yfirlit yfir framfarir og árangur nemenda
- Mat á vinnubókum og einstökum verkefnum nemenda
- Sjálfsmat

- Einstaklingsmiðaðar kannanir

Tvítýngdir nemendur og námsmat í öllum námsgreinum:

- Eðlilegt er að nemendur með takmarkaða íslenskukunnáttu fái lengri tíma til að leysa prófverkefni
- Stundum er nauðsynlegt að leyfa notkun orðabóka eða orðalista í prófum
- Gera skal skýran greinarmun á kunnáttu í íslensku og kunnáttu í námsgreinum og gæti því þurft að laga prófspurningar og leiðbeiningar að íslenskukunnáttu nemenda eða skýra þær sérstaklega í prófum, jafnvel myndræt
- Stundum er nauðsynlegt að nemandinn fái aðstoð við lestur á spurningum
- Heimilt er að leyfa nemendum að taka munnlegt próf, ef við á má nota móðurmálið til að koma þekkingu og færni á framfæri

Mikilvægt er að gera greinarmun á þekkingu á innihaldi og færni í tungumáli. Nemandi getur vitað svarið þó að hann hafi ekki nægilega færni til að skilja spurninguna eða koma svarinu frá sér á skiljanlegri íslensku. Því þarf oft að aðstoða nemanda við að skilja til hvers er ætlast af honum í könnunum, sem og öðru mati.

Nemendur í íslensku sem öðru máli eru oftast flokkaðir út frá aðalnámskrá í byrjendur, lengra komna og lengst komna. Verkefnisstjórar í íslensku sem öðru máli þurfa að meta á hvaða stigi einstakir nemendur eru og til að gera það þarf að meta stöðu þeirra í íslensku. Þetta má gera á ýmsan hátt s.s. með mati á framburði, stafsetningu, lesskilningi og fleiru. Skóladeild Akureyrarbæjar (<https://www.akureyri.is/skoladeild/forsida>) hefur þróað prófanir sem auðvelda mat á færni erlendra nemenda í íslensku út frá flokkun aðalnámskrár.

Sjá: <http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/trithaett-mat-a-stodu-nem.pdf>

Kennslugögn og bækur

Talsvert er til af sérhæfðu námsefni í íslensku sem öðru tungumáli m.a. frá Menntamálastofnun (áður nams.is) og einnig á Skólavefnum og lönú. Þá er talsvert til af námsefni sem notað er almennt í skólanum einnig hentugt fyrir nemendur í íslensku sem öðru máli. Einnig má nýta sér námsefni fyrir yngri nemendur en þá þarf að gæta að því að námsefnið henti einnig aldri nemendanna. Mikið hefur verið búið til af námsefni fyrir sérkennslu sem nýtist tvítýngdum nemendum, svo sem lestrarbækur, bækur um ákveðin viðfangsefni og vinnubækur. Lengra komnir erlendir nemendur þurfa einnig að fá góða innleiðingu og stuðning í bókmenntum og ritun og kynnast öllum þáttum íslenskunáms.

Flestir erlendir nemendur ættu að fylgja bekk í ensku en meta þarf nám í dönsku í hverju tilfelli fyrir sig. Þá ættu nemendur á mið- og unglingastigi að hafa aðgang að námsbókum og vefefni á eigin móðurmáli því það er mikilvægt til að skilja betur námsefnið á íslensku.

Í einstökum námsgreinum þarf að innleiða námsefnið með því að fara yfir grunnhugtök með erlendum nemendum, láta þá glósa eftir orðalistum (þegar til orðalista með mörgum námsbókum) og að nota hugtakaskrár (sjá lista á mms.is). Mikilvægt er að aðlaga nám erlendra nemenda því færnistigi sem þau eru á (út frá því hve lengi þau hafa verið hérlendis og fleira) þannig að námið verði ekki of viðamikið og að þau nái tökum á aðalatriðunum.

Allar verkgreinar nýtast til að byggja upp orðaforða nemenda svo og hentar þema- og hópavinna erlendum nemendum vel til að tileinka sér nýja tungumálið.

Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga:

- Hafa í kennslustofunni orðabækur og myndbækur frá bókasafni
- Líttlestrarefni og verkefni, vera í samstarfi við kennara í íslensku sem öðru máli
- Hljóðbækur eru til með flestum námsbókum
- Hafa aðgang að tölvu í stofunni og nota ýmsa kennsluvefi.

Námsefni í íslensku sem öðru máli

Í námsgreininni íslenska sem annað mál er mælt sérstaklega með námsefni sem er myndrænt auk þess að hæfa aldri nemenda efnislega. Þegar nemendur hefja nám í íslensku sem öðru máli þarf að velja námsefni með tilliti til aldurs nemendanna, hversu lík íslenskan og móðurmál þeirra og stöðu þeirra í lestri á móðurmálinu. Myndræn tenging við texta og námsefni er mikilvæg til að byggja upp orðaforða og hjálpa nemendum að skilja það sem þau vinna að. Í grunnskólunum Reykjanesbæjar, Garðs og Sandgerðis hafa kennarar í íslensku sem öðru máli haft samvinnu m.a. varðandi námsefnisval og útbúið lista yfir námsefni sem hefur reynst vel. Listinn er miðaður við hefðbundin aldursviðmið og einnig kemur fram hvaða efni hefur reynst vel sem grunnefni. Þá eru ábendingar um aukaverkefni sem tengjast námsefni árgangs svo og hvar þarf að bæta inn orðaforðaefni. Þessi listi eru einungis ábendingar, er ekki endanlegur og sjálfsagt hægt að bæta ýmsu góðu á hann. Í viðauka í þessari handbók er listi yfir námsefni sem nýtist vel í íslensku sem öðru máli.

Bekkjarkennsla og umsjónarkennarinn

Það er fengur af erlendum nemendum til að auðga bekkjar- og skólastarf því það er fróðlegt og gaman að kynnast fólki frá öðrum heimshlutum og menningu. Reynst hefur vel, við komu nýrra erlendra nemenda, að virkja bekkjarfélaga þeirra við móttökuna. Meðal góðra hugmynda er að nemendur afli sér upplýsinga um land og menningu nýja bekkjarfélagans, þeir skipuleggi stuðning og fylgd fyrir hann fyrstu vikurnar og gæti þess að hann verði ekki einmana. Ef vel er að verki staðið við verður eftirleikurinn auðveldur, hinn erlendi nemandi aðlagast hraðar, á þess kost að eignast vini og verða þátttakandi í bekkjarstarfinu.

Þegar nýr erlendur nemandi kemur í bekk þarf að huga að ýmsu. Meta þarf stöðu hans og getu til að fylgja samnemendum sínum í mismunandi námsgreinum og viðfangsefnum. Finna leiðir til að hann njóti góðs af kennslu og verkefnum sem eru í gangi í bekknum. Í þeim efnum má benda á orðalista tengda námsefni, alfræðivefi á mörgum tungumálum s.s. Wikipedia og Google og myndræn verkefni sem tengjast því sem er verið að kenna. Sérstaklega þarf að hafa í huga að nemendur sem flytjast til landsins staðni ekki í námi á meðan á meðan þau eru að læra nýja tungumálið. Til er mikið að aðlöguðu námsefni á netinu (t.d. hjá einstökum skólum), verkefnisstjórar í íslensku sem öðru máli hafa upplýsingar um efni og aðferðir svo og deila kennarar í umræðuhópum á samfélagsmiðlinum Facebook miklu efni hver til annars. Sjá hóp kennara í íslensku sem öðru máli: <https://www.facebook.com/groups/390146974342436/>. Einnig má benda á að mikið hagræði er af því að erlendir nemendur á mið- og unglíngastigi hafi



spjaldtölvu í skólanum til að nota sér verkefni, þýðingavélar og annað það sem gerir þeim kleift að taka þátt í skólastarfinu.

Umsjónarkennarar erlendra nemenda eru lykilaðilar í félagslegri og námslegri aðlögun þeirra í nýju umhverfi og námi. Þeir þurfa einnig að sjá um foreldrasamskipti sem geta verið snúin vegna ólíkra tungumála. Til að sem best takist til er nauðsynlegt að góð samvinna sé milli umsjónarkennara og þeirra sem sjá um íslensku sem annað mál í skólanum, nota sér túlkþjónustu og allar færar leiðir til að auðvelda þetta. Hafa þarf í huga að um erlenda nemendur gilda sömu reglur og um aðra sem aðstoð þurfa við nám sitt, þeir þurfa stuðning, hvatningu og skilning og einnig þarf að gera til þeirra kröfur og væntingar.



Skólasamfélagið og erlendir nemendur

Fjölmenningskennsla

Suðurnesin þróast hratt í átt að fjölmenningsamfélagi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var hlutfall erlendra íbúa í Sandgerði, Garði og Reykjanesbæ 12,8% á fyrsta ársfjórðungi 2016 en á sama tíma 2017 var hlutfallið komið í rétt rúm 16%. Sveitarfélögin þrjú sem að þessari handbók standa hafa brugðist á jákvæðan hátt við þessari þróun. Meðal þess sem hefur verið gert er að huga sérstaklega að málefnum erlendra nemenda í gegnum Fræðslusvið Reykjanesbæjar, koma upplýsingum á framfæri til erlendra íbúa (m.a. á heimasíðum sveitarfélaganna) og vinna með fjölmenningu í skólum og fleiri stofnunum sveitarfélaganna. Hjá Reykjanesbæ er fjölmenningsarteymi sem vinnur m.a. fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins (<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Velferdarsvid/fjolmenningarstefna.pdf>), í leikskólanum Gefnarborg í Garðinum er fjölmenningu gert hátt undir höfði eins og sjá má í starfsáætlun (<http://gefnaerborg.leikskolinn.is/gefnaerborg/starfs%C3%A1%C3%A6tlun%202016-2017%20-%20loka.pdf>) og í Sandgerði veitir sveitarfélagið og skólinn upplýsingar á pólsku og ensku auk íslensku á heimasíðu sinni <https://www.sandgerdi.is/fjolskylda-og-skoli/>.

Rannsóknir sýna að börn fara að gera greinarmun, dæma og flokka mjög snemma. Auk þess hafa fordómar í samfélaginu áhrif á sjálfsmynd þeirra og viðhorf til annarra. Því skiptir máli að fjölmenningu fái sinn sess í starfi skólanna og fjölbreytninni í skólanum sýnd virðing m.a. með að auka þekkingu kennara og barna um fjölmenningslegt samfélag og opna umræðuna bæði á heimilum og í skólum. Fræðsla er svar við fordómum og einangrun meðal erlendra nemenda (og fleiri), þemadagar um fjölmenningu, samskipti, virðingu og jafnrétti er meðal góðra hugmynda. Þá er mikið til af fræðslufni sem nota má í þessu skyni.

Efni til stuðnings:

- Hanna Ragnarsdóttir, Elsa S. Jónsdóttir, Magnús Þorkell Bernharðsson. 2007. *Fjölmennung á Íslandi*. KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Guðrún Pétursdóttir. 1999. *Fjölmenningsleg kennsla. Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*.
- Ingibjörg Hafstað. 1994. *Milli menningaheima. Um nám og kennslu nýbúa*. Námsgagnastofnun.
- Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. Reykjavík: Hólar. Þar má finna góðar kennsluhugmyndir byggða á CLIM hugmyndinni.
- CLIM aðferðin https://notendur.hi.is/ingvars/kennsluadferdir/clim/meira_um_clim.htm
- <https://www.akureyri.is/skoladeild>
- <http://reykjavik.is/thjonusta/midja-mals-og-laesis>

Foreldrasamstarf

Þátttaka foreldra erlendra nemenda í foreldrastarfi grunnskólanna auðveldar gagnkvæma aðlögun allra sem að skólastarfinu koma. Stjórn [FFGÍR](#) (Foreldrafélög í grunnskólum Reykjanesbæjar) hefur mikinn áhuga á að virkja alla foreldra grunnskólanemenda í starfi sínu og þar með talið þá sem flust hafa til landsins. Farsæl leið til að erlendir foreldrar verði þátttakendur í foreldrahópum er að veita þeim skipulega upplýsingar um samstarf foreldra, þátt þeirra í skólasamfélaginu og réttindi barna þeirra sem nemenda og barna.

Síðustu árin hefur hugmyndin um vinnufélagskyldur orðið meira áberandi og að með því er hægt að aðstoða fjölskyldur nýbúa við margt sem að íslensku samfélagi snýr. Því er hér með beint til foreldrafélaganna og skólanna að skoða hvernig megi á sem jákvæðastan hátt taka á móti erlendum nemendum og foreldrum þeirra inn í skólasamfélögin.

Æskilegt er að í öllum skólum sé reynt að standa vel að móttöku erlendra nemenda með viðtali og áætlun fyrir skólagöngu þeirra. Nú þegar hefur skapast ágætis hefð fyrir móttökunni og búa grunnskólarnir að talsverðri reynslu varðandi þetta og erlenda nemendur almennt. Því þarf að huga að því sem gerist þegar nýjabrumið er að fara af því þá er oft brýn þörf á lifandi og gagnvirku sambandi milli heimilis og skóla. Fyrstu mánuðina í skólanum skilur nemandinn lítið sem fram fer í umhverfinu, foreldrarnir eiga fullt í fangi með að fylgjast með og þetta veldur kvíða og leiða. Við þessar aðstæður getur öflugt samband skólans við foreldra skipt sköpum. Því betur sem kennari þekkir til og skilur bakgrunn og aðstæður nemenda er auðveldara að takast saman á við krefjandi tíma.

Hverskonar kynning og aðgangur að umhverfinu, þjónustu bókasafnsins, viðburðum, hefðum og skemmtunum dregur úr hættu á því að erlendum nýbúum finnist þau utanveltu og afskipt. Leiðir til að ná til erlendra foreldra geta verið með ýmsum hætti t.d. hefur gefist vel halda úti Facebook síðu sem er þægileg leið til að leyfa foreldrum að fylgjast með skólagöngu barna sinna og bjóða upp á samræður. Opið hús t.d. einu sinni í viku eða mánuði þar sem þessum foreldrum er boðið að líta inn í óformlegt spjall og tesopa, skoða verkefni nemenda og fræðast, gætu brotið ísinn fyrir marga sem koma frá menningarheimum þar sem skólasamfélagið er lokaðra. Samstarf við bókasöfn og aðrar menningarstofnanir eru líka góður kostur. Þá mætti bjóða uppá námskeið og jafnvel fá foreldrana til að halda slíkt sjálf. Í einstökum bæjarfélögum og hverfum hafa sprottið upp hópar innlendra og erlendra foreldra sem standa fyrir fjölmenningshátíðum og einstökum verkefnum sem stuðla að jákvæðri aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.

Þátttaka og samskipti erlendra foreldra við skólana og aðra foreldra er mikilvæg fyrir allt skólasamfélagið. Vonandi fær öll viðleitni og starf í þá veru að vaxa og dafna nú þegar skólar eru í síauknum mæli að huga að velfarnaði erlendra nemenda.

Heimanám

Í flestum skólum á Suðurnesjum er hugað sérstaklega að heimanámi, t.d. er gætt að því að það sé hóflegt, felist í að vinna ítarlegar með það sem nemendur eru að fást við í kennslustundum og einnig bjóða margir skólanna upp á sérstaka heimanámstíma. Heimanámsaðstoð fyrir erlenda nemendur getur skipt máli, sérstaklega ætti styðja þá í lestri og að byggja upp orðaforða. Í sumum skólanna er þetta gert með „lestrarömmum og –öfum“ sem koma í skólana og þjálfra m.a. erlenda

nemendur á yngsta stigi, í lestri. Í sumum skólanna gegna almennir starfsmenn svipuðu hlutverki. Þetta hefur gefist mjög vel.

Þá skiptir máli að kennarar (sérstaklega í íslensku sem öðru máli) kenni nemendum að nota vefefni (sjá mms.is) rafrænar orðabækur, þýðingavélar og upplýsingaveitur þannig að erlendir nemendur geti notað sér þetta til að auðvelda heimanámið.

Miklu skiptir að starfsmenn grunnskólanna geri sér grein fyrir að erlendir foreldrar þurfa upplýsingar og hvatningu til að styðja börn sín í heimanámi og sýni takmarkaðri íslenskukunnáttu þeirra skilning.

Bókasafn Reykjanesbæjar hefur boðið upp á heimanámsstuðning með verkefninu Heilakúnstir sjá nánari upplýsingar á vef bókasafnsins:

<https://sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn/thjonusta/heimanamsadstod>

Kennsluráðgjafi

Kennsluráðgjafi starfar á Fræðslusviði Reykjanesbæjar sem hefur umsjón með kennslu erlendra nemenda í grunnskólunum og veitir ráðgjöf til kennara og starfsmanna. Kennsluráðgjafi kemur reglulega í hvern skóla og er til viðtals. Kennsluráðgjafinn hefur umsjón með kennslu erlendra nemenda og fylgist með að farið sé eftir því vinnulagi sem skólinn setur sér.

Æskilegt er að á vori hverju sé farið yfir hvaða nemendur þurfi séraðstoð í íslensku, fjöldinn skoðaður og ákveðið út frá því þörf á tímamagni. Búast má við að á haustin fjölgi nemendum eitthvað en það getur einnig gerst á hvaða tímapunkti sem er allan veturinn.

Mikilvægt er að umsjónarkennari og verkefnisstjóri í íslensku sem öðru tungumáli fundi á hverju hausti með kennsluráðgjafa. Þar fara þeir í sameiningu yfir stöðuna, kennslutilhögun og námsefni fyrir nemendur sem sækja tíma í íslensku sem öðru tungumáli. Bæði það sem kenna á í íslensku sem öðru tungumáli og það sem taka á fyrir í bekk. Gott er að samnýta slíka fundi með því að bekkjarteymi eða stig sitji einn fund þar sem nemendur á sama stigi geta verið að vinna með sama eða svipað viðfangsefni.

Kennsluráðgjafi veitir sérstaka ráðgjöf í kennslu í íslensku sem öðru máli og fjölmenningslegum kennsluháttum. Hann er samræmingaraðili og er til stuðnings fyrir kennara. Hann kallar reglulega saman teymi þeirra sem kenna íslensku sem annað mál og sér til þess að teymið haldi faglega fundi mánaðarlega þar sem reglulega er kynnt námsefni og kennsluáðferðir. Mikilvægt er að hver skóli eigi sér fulltrúa í teyminu. Kennsluráðgjafi aflar upplýsinga um framboð á móðurmálskennslu. Hann hefur einnig umsjón með úthlutun úr jöfnunarsjóði auk ýmissa annarra verkefna sem koma að velferð nemenda.

Meðal mikilvæga verkefna kennsluráðgjafa eru:

- að leiða teymisvinnu meðal verkefnisstjóra í íslensku sem öðru máli
- að hafa milligöngu um endurmenntun og sérfræðiþekkingu
- að hafa yfirsýn yfir félagslega og námslega stöðu erlendra nemenda í skólunum
- að styðja við meginverkefni verkefnisstjóra í íslensku sem öðru máli t.d. þeirra sem eru nýir í starfi og þegar erlendum nemendum fjölgar
- að vera tengiliður milli leik- og grunnskóla
- taka þátt í teymisvinnu varðandi erlenda nemendur með greiningar



Ytra umhverfi skólanna og erlendir nemendur

Jöfnunarsjóður og aðalnámskrá

Á heimasíðu jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru upplýsingar um styrki sjóðsins og fleira er varðar erlenda nemendur: <http://www.jofnunarsjodur.is/framlog/grunnskolar/>. Verkefnisstjóri í íslensku sem öðru tungumáli, sem starfar hjá Jöfnunarsjóði, sér um að vinna greinargerðir til Jöfnunarsjóðs um kennslu í faginu, einstaka nemendur og verkefni þeim tengd. Verkefnisstjórar grunnskólanna safna ítarlegum upplýsingum m.a. um fjölda nemenda og fjölda kennslustunda og senda til fulltrúa Jöfnunarsjóðs og til Fræðsluviðs Reykjanesbæjar fyrir lok september ár hvert.

Um úthlutun fjármuna til sveitarfélaga segir:

„Jöfnunarsjóður úthlutar einnig viðbótarframlögum vegna sérstakrar íslenskukennslu nýbúa. Verkefnisstjóri og kennsluráðgjafi í nýbúufræðslu miðlar upplýsingum til Jöfnunarsjóðs fyrir 1. október ár hvert um fjölda þeirra nemenda er nýtur sérstakrar íslenskukennslu í sveitarfélagi vegna framlaga á næsta fjárhagsári. Verkefnisstjórinn veitir enn fremur sveitarfélögum og grunnskólum almenna ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi sjálfa kennsluna. Framlöggin eru greidd í lok hvers mánaðar.“

Tómstundastarf

Mikið og gott tómstundastarf er í boði í Reykjanesbæ, bæði hjá íþróttafélögunum og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar en einnig er vel skipulagt félagstarf fyrir börn og unglunga á vegum skólanna og á vegum félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima. Æskilegt er að nemendum sé kynnt það starf sem í boði er. Með þátttöku í tómstunda og félagstarfi ná nemendur að eignast vini utan skólans og aðlagast fyrr að samfélaginu.

Gott er að verkefnisstjóri í íslensku sem öðru tungumáli kynni sér framboðið og hvar áhugasvið nemenda liggur. Með þátttöku í tómstunda og félagstarfi ná nemendur að eignast vini utan skólans og aðlagast fyrr að samfélaginu. Einnig þarf að kynna unglingum það félagsstarf sem fer fram í bæði í skólunum og í félagsmiðstöðinni Fjörheimum.

Brúum bilið

Samskipti við leikskóla

Góð samskipti eru við leikskólana. Á hverju vori eru nemendur boðaðir í skólaheimsókn í þann skóla sem þeir hafa valið að sækja, í flestum tilvikum í hverfisskóla. Einnig er kennurum beggja skólastiga boðið til fundar þar sem farið er yfir nemendahópinn sem væntanlegur er í 1. bekk komandi hausts og hvort þeir nemendur þarfnist einhverjar séraðstoðar. Þegar nemendur flytjast úr leikskóla í grunnskóla eftir stutta dvöl í leikskólanum er æskilegt að skólinn bjóði upp á túlkapjónustu annað hvort á skólasetningu eða viðtali við upphaf fyrsta bekkjar sem fer fram á fyrstu starfsdögum haustsins.

Kennsluráðgjafi Fræðsluviðs hefur einnig umsjón með ÍSAT teymi leikskólanna. Teymi leik- og grunnskóla hittast reglulega til að deila með sér þekkingu og samræma vinnulag.

Samskipti við framhaldskóla

Góð samskipti eru við Fjölbrotaskóla Suðurnesja varðandi þá nemendur sem ætla sér í framhaldskóla en þurfa enn aðstoð með nám á íslensku. Þessi nemendur fá áframhaldandi aðstoð í sérstökum íslenskuáföngum en einnig er reynt að setja saman sérstaka stundatöflu fyrir þá, töflu sem auðveldar þeim námið fyrstu árin. Að vori 10. bekkjar útbýr verkefnisstjóri íslensku sem annars máls ásamt umsjónarkennara námsmatsskýrslu sem nemandi getur valið að afhenda framhaldsskóla og getur það auðveldað val á áföngum fyrir tiltekna nemendur. Þessi samskipti verða vonandi til þess að fleiri nemendur af erlendum uppruna klári nám í framhaldsskóla

Mikilvægi móðurmáls erlendra nemenda

Móðurmál

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir þetta um móðurmál erlendra nemenda: “Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því. Það er ávinningur fyrir hvern mann að hafa vald á fleiri en einu tungumáli og dýrmætt fyrir þjóðfélagið. Sterkt móðurmál styrkir fjölskyldubönd og tengsl við menningarlega arfleifð. Því er afar mikilvægt að foreldrum sé gerð grein fyrir mikilvægi móðurmálsins fyrir nemandann og þeir hvattir og studdir til að sinna máluppeldi á heimilinu sem felst í að rækta móðurmál hans. Sjálfsagt er að skóli og foreldrar leiti stuðnings hjá þeim sem geta veitt aðstoð, svo sem hjá stofnunum og einstaklingum sem hafa þekkingu á máltöku annars máls og fjölmenningu. Starf af þessu tagi kemur einnig námi í íslensku til góða og stuðlar að virku tvítyngi.” (Aðalnámskrá grunnskóla bls. 106).

Góður grunnur í móðurmáli hefur margvísleg áhrif á þroska barna. Hann stuðlar m.a. að sterkri sjálfsmynd og að því að barnið skynji sig sem mikilvægan hluta af heild. Gott móðurmál barna er mjög mikilvægt fyrir samskiptin í fjölskyldunni en í gegnum samræður innan fjölskyldunnar læra börn að ræða um tilfinningar, siði og venjur í fjölskyldum, menningu, hefðir og allt sem tilheyrir fjölskyldulífinu. Góður grunnur í móðurmáli auðveldar barninu að læra íslensku auk þess sem það getur haft lykiláhrif á nám barnsins í framtíðinni. Það hefur mikil áhrif á mótun sjálfsmyndar barna þegar þau upplifa að virðing sé borin fyrir móðurmáli þeirra. Með því að styrkja móðurmál nemenda samhliða öðru máli alla skólagönguna mun ávinningurinn verða velgengni í námi, framfarir á vitsmunalegum sviðum og það sem jafnvel er verðmætast, sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust eykst.

Þar sem erlendir nemendur í íslenskum grunnskólum fá ekki kennslu í móðurmáli sínu verður þáttur foreldra í að þróa móðurmálsfærni barna sinna mjög mikilvægur og óhætt að segja að með ræktun móðurmálsins stuðli þeir að bættu námi barna sinna. Fræðsla um mikilvægi móðurmálsins til foreldra erlendra barna er oft of lítil í dag sem mætti m.a. bæta úr í samstarfi við Samtökin Móðurmál (<http://www.modurmal.com/>) sem hafa haldið úti mjög öfluggu starfi m.a. með móðurmálsskólum á fjölmörgum tungumálum, þar af einum í Reykjanesbæ.

Gert er ráð fyrir því í grunnskólalögum að erlendir nemendur geti fengið færni í eigin móðurmáli metna inn á nám í grunnskóla í stað náms í einu af erlendu málunum.

Móðurmálskennsla

Mikilvægt er að nemendur haldi móðurmáli sínu. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum skólum. Þeir koma í skólann með mismikla undirstöðu í íslensku, eigin móðurmáli, læsi og námi og eru misjafnlega í stakk búnir til að takast á við almennt nám.

Með móðurmálskennslu er verið að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku. Málumhverfi barns hefur mikil áhrif á máltöku, hvort sem um er að ræða móðurmál eða seinna mál. Traust undirstaða í móðurmáli er forsenda færni í seinni málum. Börn virðast hafa meðfæddan hæfileika til máltöku upp að 11-12 ára aldri. Fram að þeim aldri eru börn að treysta

málfærni sína í móðurmálinu og víkka hana m.a. með því að læra að lesa og skrifa. Ef börn skipta um málumhverfi á viðkvæmu máltökuskeiði er farsælast að þróun móðurmáls haldi áfram og að seinna málinu sé bætt við, þ.e. að stuðlað sé að viðbótarmáli og virku tvítyngi en ekki málskiptum. Ef móðurmáli er ekki haldið við er hætt á að tjáning og samskipti milli foreldra og barna geti orðið takmörkuð.

Tvítyngi hefur jákvæð áhrif á vitsmunaproska þegar báðum tungumálunum er viðhaldið, en getur haft neikvæð áhrif þegar skipt er um tungumál. Reynsla barna hefur áhrif á uppbyggingu vitsmunaproska sem aftur hefur áhrif á þróun námsgetu. Börn, sem alast upp við tvö tungumál samtímis eða læra nýtt tungumál á grunnskólaaldri og viðhalda jafnframt móðurmálinu, lestri, ritun, tali o.s.frv., eru vel í stakk búin til að takast á við nám á hvoru máli um sig (<http://www.modurmal.com>).

Kennsla í móðurmáli á að auka færni nemenda í því að nota og skilja sitt annað mál svo og þekkingar og hæfniviðmið í Aðalnámskrá grunnskóla. Sjálfsagt er að erlendir nemendur þýði t.d. grunnhugtök einstakra námsgreina og fleira úr íslensku yfir á sitt móðurmál og öfugt líkt og ert er t.d. í kennslu erlendra tungumála. Með því móti byggist einnig upp orðaforði á báðum tungumálunum.

Markmið með móðurmálskennslu er að nemendur:

- viðhaldi móðurmáli sínu og nái færni í að lesa og skrifa það
- auki íslenskan orðaforða
- fái aðstoð við heimanám
- auki þekkingu sína og færni í öllum námsgreinum

Hugmyndir af viðfangsefnum í móðurmálskennslu:

- byggja upp og viðhalda orðaforða í móðurmálinu
- byggja upp færni í lestri og ritun á móðurmáli
- yfirfæra yfir í nýja málið
- aðstoð með námsefni bekkjarins
- stuðla að áframhaldandi námi
- styðja menningu í nýju landi

Kennslubækur á móðurmálinu

Bæjarbókasöfn landsins hafa reynt að byggja upp bókakost á algengustu tungumálunum sem töluð eru í landinu. Bókasafn Reykjanesbæjar tók að sér ensku en hefur einnig komið sér upp litlu safni námsbóka á pólsku og geta skólar sent nemendur sína eftir þeim eða foreldrar fengið þær að láni.


Fróðleikur um orðaforða og tungumálanám

Um orðaforða eintýngdra og tvítýngdra barna.

Ef lítið er til upplýsinga um orðaforða enskumælandi barna sem finna má í rannsóknargreinum (sjá Elgie og Roessingh, 2009; Sigríður Ólafsdóttir 2010 og Hulda Patricia Haraldsdóttir, 2013) kemur eftirfarandi fram um þróun orðaforða barna fram að 18 ára aldri.

- Við 18 mánaða aldur má áætla að barn kunni 50 orð (Hulda Patricia Haraldsdóttir, 2013).
- 36 mánaða barn sem mikið er talað við hefur 1200 orð á valdi sínu (Elgie og Roessingh, 2009).
- Fimm til sex ára barn hefur orðaforða upp á 2500 – 5000 orðafjölskyldur (Elgie og Roessingh, 2009).
- Sex til sjö ára hefur barn á valdi sínu 5000 orð eða 2500 grunnorð (Sigríður Ólafsdóttir 2010).
- Eftir þennan aldur má áætla að orðaforði stækki um 3000 orð á ári (1000 grunnorð) (Elgie og Roessingh, 2009; Sigríður Ólafsdóttir, 2010)
- Við sautján til átján ára aldur er orðaforðinn kominn í 40000 orðafjölskyldur (Sigríður Ólafsdóttir, 2010).

Þessar upplýsingar um orðaforða og aldur sjást á eftirfarandi línuriti




Mynd 1. Áætlaður orðaforði eintýngdra barna áætlaður miðað við aldur.

Mynd 1 sýnir áætlaðan orðaforða eintýngdra barna eftir aldri. Eftirfarandi línurit (mynd 2) sýnir einnig orðaforða tvítýngdra nemenda eins og má áætla hann út frá eftirfarandi upplýsingum:

- Hulda Patricia Haraldsdóttir (2013) áætla að orðaforði tvítýngdra nemenda sé hálfur orðaforði eintýngdra.

- Út frá því sem segir í rannsókn Elgie og Roessingh (2009) og Sigríðar Ólafsdóttur (2010) má áætla að orðaforði tvítýngdra 6 ára barna sé 1250 – 2500 orð (meðaltal 1825, sjá mynd 1).
- Út frá því að eintýngd börn auki orðaforðann um 3000 orð á ári er aukning á orðaforða tvítýngdra áætluð 2000 orð á ári. Þrátt fyrir þá aukningu hafa tvítýngd ungmenni tæplega hálfan orðaforða eintýngdra barna við 18 ára aldur að munurinn á stærð orðaforðans milli ein- og tvítýngdra er meiri en við upphaf skólagöngu.



Mynd 2. Áætlaður orðaforði eintýngdra og tvítýngdra barna eftir aldri.

Upplýsingar unnar af Unni G. Kristjánsdóttur

Orðaforði og lesskilningur

Til eru viðurkenndar prófanir á því hversu hátt hlutfall orða í texta þarf að skilja til að hafa vald á nægjanlegum lesskilningi.

Rannsóknir og prófanir Batiu Laufer eru einna þekktastar á þessu sviði orðaforðarannsókna. Niðurstaða Laufer (2010) er að lægra þrep nauðsynlegs orðskilnings er að hafa á valdi sínu 95% orða í texta og er áætlaður heildarorðaforði miðað við þennan orðskilning 4-5000 orð (orðafjölskyldur). Efra þrep góðs orðskilnings er að skilja 98% orðanna og tilheyrandi áætlaður orðaforði er 8000 orð. Lesskilningur var prófaður út frá 95% orðskilningi og var niðurstaðan að þetta hlutfall orðskilnings í texta leiddi til u.þ.b. 55% lesskilnings og 98% orðskilningur leiðir til um og yfir 70% lesskilnings.

Niðurstöður nýrri rannsókna sýna að 95% orðskilningur er of lítill (Schmitt, Jiang og Grabe, 2011) til að lesskilningur sé góður. Prófanir voru gerðar á lesskilningi nemenda tengt

orðskilningshlutfalli frá 90% upp í 100%. Í ljós kom tiltölulega línulegt samband þar sem neðri mörk orðskilningsins 90% benda til u.þ.b. 50% lesskilnings og við 100% orðskilning megi reikna með 75% lesskilningi.

Tvítýngi og læsi

Sigríður Ólafsdóttir (2010) rannsakar tvítýngda nemendur í 1.- 4. bekk grunnskóla og sýna niðurstöður að orðaforði þeirra eykst með aldri. Hinsvegar kemur fram að tvítýngdir nemendur (flestir búið alla ævina hérlendis) eru einungis hálfdrættingar á við íslenska jafnaldra í orðaforða. Þá kemur fram í niðurstöðum að ekki er hægt að staðhæfa út frá rannsókninni að lengri dvalartími þýði meiri orðaforða. En hvað segja rannsóknir á orðaforða miðstignemenda okkur? Langtímarannsókn Sigríðar Ólafsdóttur (2015) tekur til nemenda í 4.- 6. bekk og nemenda úr 6. – 8. bekk. Marktækur munur kemur fram í niðurstöðum á orðaforða tvítýngdra og eintýngdra svo og að það dragi í sundur með hópunum frá upphafi skólagöngu. Þá sýnir sig í niðurstöðum að þeir nemendur sem voru eldri við komuna til Íslands, byggðu orðaforða hraðar upp en þeir sem komu yngri og því eldri því fleiri flókin orð höfðu þeir á valdi sínu. Ekki koma fram jákvæð áhrif af kennslu íslensku sem annars máls í rannsóknum Sigríðar Ólafsdóttur (2010 og 2015).

Upplýsingar unnar af Unni G. Kristjánsdóttur

Um þróun orðaforða tvítýngdra nemenda.

Athyglisverðar rannsóknir hafa verið gerðar í Kanada um þróun annars tungumáls. Hetty Roessingh hefur tengt hugmyndir sínar við þekktu líkingu af ísjaka til að sýna samfelluna í þróun annars tungumáls. Hún segir að 10% ísjakans sé daglegur orðaforði en hin 90% séu sá orðaforði sem felur í sér flóknari færni og sé nauðsynlegur til að geta stundað langskólanám. Fræðimenn telja að nemendur þurfi 7 til 10 ár til að ná færni í tungumáli svo þeir geti stundað nám á við innlenda nemendur. Til að skilja tengsl milli þeirra sérkenna sem eru yfir yfirborðinu og það sem undir því er, er nauðsynlegt að skilja tengsl færni í móðurmáli sínu og aldur þegar tvítýngi hefst. Frekari upplýsingar má finna á <http://tungumalatorg.is/isa/namsqagnavefurinn-katla/>

<u>Takmörkuð virkni: fyrstu 1.000-2.500 orðin</u>	<u>Grunnvirkni: 2.500-5.000 orð</u>
Hér þarf að kenna algengasta orðaforðann „hér og nú“. Nemendur þurfa að heyra sama grunnorðaforðann aftur og aftur til að orðaforðinn og grunnbygging málsins verði þeim töm.	Orðaforðinn byggist á reynslu en tengslin við þá reynslu eru horfin., „Þegar ég keypti buxurnar mínar“, „skemmtileg bíómynd sem ég sá um helgina“, „skólinn í gamla landinu mínu“.
<u>Almenn virkni: 8.000-40.000</u>	<u>A leið í nýtt tungumál 12.000-100.000 orð</u>
Þarna verða umskipti í innihaldinu sem tengist námeðni, skipt er frá því að læra og lesa til þess að lesa til að læra. Orðaforði er byggður á atburðum sem eru langt í burtu eða sem	Hér kemur til sögunnar óhlutbundinn hugsun, myndhverfingar, táknsæi, orðtök, röksemdir, greining og samantekt. Mikill lestur og ritun í fræðilegum greinum, ritgerðum og rökræðum

gerðust fyrir löngu. Þennan orðaforða þarf til að læra sögu, líffræði, landafr. og fl.	(12.000 orð + (í samanburði við eintýngda nemendur sem hafa a.m.k. 40.000 orð og eru á leið í átt að 100.000 orðum).
--	--

Anna Guðrún Júlíusdóttir

Heimildir:

Hulda Patricia Haraldsdóttir. (2013) Þátíðarmyndun og stærð íslensks orðaforða tvítýngdra leikskólabarna. Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Reykjavík.

Laufer, B., & Ravenhorst-Kalovski, G., C. (2010). Lexical threshold revisited: Lexical text coverage, learners' vocabulary size and reading comprehension. Reading in a Foreign Language 22 (1), 15-30

Roessingh, H., & Elgie, S. (2009). Early language and literacy development among young English language learners: Preliminary insights from a longitudinal study. TESL Canada Journal/Revue TESL du Canada, 26(2), 24–45.

Sigríður Ólafsdóttir (2010). Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku. Háskóli Íslands, Reykjavík

Sigríður Ólafsdóttir (2015). The development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners. Óbirt doktorsritgerð. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Schmitt, N., Jiang, X., & Grabe, W. (2011). The percentage of words known in a text and reading comprehension. The Modern Language Journal., 95(1), 26-43.

ÍSAT teymi grunnskóla

Eva Lilja Ólafsdóttir, Heiðarskóla
Hrefna Tómasar Tómasdóttir, Akurskóla
Jurgita Milleriene, Háaleitisskóla
Rakel Ósk Eiríksdóttir, Njarðvíkurskóla
Svana A. Daðadóttir, Myllubakkaskóla
Unnur G. Kristjánsdóttir, Holtaskóla
Þóra Jenný Benónýsdóttir, Gerðaskóla
Þóra Sigríður Jónsdóttir, Grunnskólanum í Sandgerði
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir kennsluráðgjafi, Fræðslusviði Reykjaneshæjar



Viðaukar

Innritunarblað

Er inni á www.mittreykjanes.is. Þau er einnig að finna í skólunum á nokkrum tungumálum.

Mat á færni í íslensku

Skólarnir hafa haft ýmsar leiðir til að meta færni nemenda í íslensku. Það form sem hefur reynst gefa ágæta stöðu er að finna á gagnlegri síðu Helgu Hauksdóttur á Akureyri:

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/11/stodumat.pdf>

Kennsluáætlun

Nafn og merki skóla _____

Námsáætlun í íslensku sem öðru tungumáli ÍSAT Haustönn 2017

Nafn nemanda: _____ Bekkur: _____
Kennitala: _____
Umsjónarkennari: _____
Verkefnisstjóri ÍSAT: _____
Aðrir sem að kennslu/þjálfun koma: _____

Bakgrunnsupplýsingar: (Möðurmál nemandans, komuár til Íslands, námsleg staða, stærkar og veikar hliðar)
Kennslufyrirkomulag: (Hve margir tímar í ÍSAT, hvar og hjá hverjum)
Námsmarkmið: Skammtíamarkmið: Langtíamarkmið:
Námsmat:
Aætlun unnin í (mánuður og ár) út frá hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla í íslensku sem öðru máli. (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2011)
Dagsetning:
Umsjónarkennari _____ Verkefnisstjóri ÍSAT _____



<i>Námsefni í íslensku sem hentar erlendum nemendum vel</i>

<i>Lestur og úrvinnsla – námsefnisröð frá grunnefni til þjálfunarefnis</i>
--

	Vefefni og forrit
Lestrarlandið og tilheyrandi vinnubækur. Heilstætt námsefni fyrir hljóðainnlögn, hljóðgreiningu, skrift og fleira)	Lesum og skoðum orðin – vefefni með Lestrarlandinu
Orðasjóður – upphafsorðaforði með myndakassa.	Stafapláneturnar (hljóð og stafaheiti, draga til stafs)
Vinnubók AB I (orð, myndir, skrift og fleira, sérkennsluefni)	Lestur er leikur (orðaforði, orðmyndalestur og fleira)
Lesum létt og lipurt 1-6 (lestur með myndum eftir Sigríði Ólafsdóttur)	Orðaleikir – vefefni fyrir erlenda nemendur.
Lestrarspilið með Lesum og skrifum	Leikur að íslenskum orðum (orðaforði)
Heimatilbúin lestrarspil til að þjálfra erfið hljóð s.s. au, ei, ö, æ og fleira	Lærum og leikum með hljóðin app og annað vefefni.
Vinnubækurnar Listin að lesa og skrifa 1 – 4	Búi og Bína (hljóðtengingar og fleira)
Við lesum A og vinnubók	Lesum og skoðum orð – vefefni með lestrarbókum.
Léttlestrarbækur (myndskreyttar) t.d. bókaröðin Lesum og skrifum	Smábókaskápurinn – gagnvirkt efni með lestrarbókum.
Lesum og lærum (gamla bókin)	Lesþjálfari – lestur í tölvu – nokkrar bækur
Heima hjá Völu (fallega myndskreytt)	Lærum og leikum með hljóðin, app og fleira.
Kæra dagbók 1 ásamt úrvinnsluhefti og spilum.	
Táfýla – 100 algengustu orðin sem eru u.þ.b. 50% alls texta.	
Myndaorðabókin, myndræn þjálfun í þematengdum orðaforða, ritun og fleira (forrit frá náms.is)	



Efni fyrir nemendur sem hafa náð grunntökum á hljóðum og umskráningu

	Vefefni
Við lesum B og vinnubók	Að skrifa rétt – myndrænt og sóknarskrift
Vinnubók AB II (orð, setningar, myndir, skrift og ritun)	Eldgrímur – málfræði og málvísi
Davíð og fiskarnir og vinnubók	Samhljóðar í himingeimnum – samhljóðasambönd og tvöfaldir samhljóðar
Bras og þras á Bunulæk ásamt vinnubók	Lestur og stafsetning
Lesum og skiljum 1-2 hefti (orðaforði)	
Orðaskyggjir og úrvinnsla úr bókinni.	
Lesum saman ásamt vinnubók (mjög góð til samlestrar)	
Litla Ljót ásamt vinnubók (gamalt efni með góðum orðaforða, samlestrarefni).	
Allt getur gerst ásamt vinnubók	
Hvíti kjóllinn ásamt vinnubók (mikill orðaforði og gott samlestrarefni)	
Ljóðsprotar – vinna með rím, upplestur og fleira.	
Kæra dagbók 2 ásamt úrvinnsluhefti og spilum.	
Lestrarspil og þjálfunarefni með algengustu sagnorðunum, y-orðum og óhljóðréttum orðum	
Málhljóðakassinn – minnisleikur með orðaforða og samhljóðasambönd.	
Leikum og lærum	
Lesrún – lesa – skilja - læra	
Lærum og leikum með hljóðin, spjöld sem eru notuð sem minnisleikur eða spil til að auka orðaforða og þjálfva einstök hljóð.	
Fallorðaspilið, bæði bingóið og Teboð hjá keisaranum í Kína. Æfir fallbeygingu, orðaforða og setningamyndun.	

Miðstigs og unglingsæfni

Kæra dagbók 3 ásamt úrvinnslu og spilum.		Rafrænar orðabækur og þýðingavélar
Loftur og gullfuglarnir ásamt vinnubók		Orðakistur Krillu, rím, samheiti og fleira.
Lukkudýrið ásamt vinnubók.		
Óboðnir gestir ásamt vinnubók		
Græna bókin ásamt vinnubók		
Svaðilför í berjamó ásamt vinnubók		
Einn í óbyggðum ásamt vinnubók		
Sprelligosar ásamt vinnubók		
Sprengisérfræðingur ásamt vinnubók		
Ég heiti Grímar ásamt vinnubók		
Draugasaga Dóra ásamt vinnubók		
Ugla sat á kvisti. Átti börn og missti. Eitt tvö þrjú. Og það varst þú		
Trú von og kærleikur		
Hitt og þetta (fræðiefni sem er gott fyrir þá sem hafa verið álfan til einn vetur		
Lygasaga ásamt vinnubók		
Lokaorð ásamt vinnubók		
Ég þoli ekki bleikt ásamt vinnubók		
Engar ýkjur ásamt vinnubók		
Ilmur ásamt vinnubók.		
Málfræðibókin mín 1, 2, og 3.		

Fjölmenningarstefna Reykjavíkurborgar. *Heimurinn er hér – stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf.* 2014.
http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/fjolmenningarstefna_oppsett.pdf

Fleiri viðaukar væntanlegir

